



Færeyskir smáhestar. Allir færeyskir hestar í dag eru því afkomendur þriggja mera og eins graðhests.

Mynd / Alessio Mesiano

FæreyjaFengur – Færeyingar eiga sinn eigin landnámshestastofn sem telur nú 93 hross:

# Gagnagrunnur fyrir færeyska hestinn byggður á WorldFeng

– eru afkomendur hesta sem bárust með landnámsmönnum og eru náskyldir íslenska hestinum en talsvert smávaxnari

Vilmundur Hansen  
vilmundur@bondi.is



Hestar af færeyska landnámsstofninum eru í dag 93 en í heild eru hestar í Færeyjum um 700 og er stór hluti þeirra íslenskir hestar. Félagið Föroyorsk ross í samvinnu við Bændasamtök Íslands vinnur að gerð gagnabanka um færeyska hestinn. Gagnabankinn er byggður á WorldFeng.

Hans Petersen, flugmaður og áhugamaður um færeyska hesta segir að færeyski hesturinn sé afkomandi hesta sem bárust til Færeyja með landnámsmönnum.

„Hestarnir eru náskyldir norskum og íslenskum hestum og 95 til 96% erfðafræðilega. Færeysku hestarnir eru minni en þeir íslensku og ekki nema 122 sentimetrar upp á herðakamb að meðaltali og teljast því smáhestar.“

Í dag telur færeyski smáhestastofninn 93 einstaklinga auk þess sem hugsanlega gætu leynst einhverjir á Bretlandseyjum sem ekki er vitað um. Til samanburðar er talið að finna megi ríflega 1.500 villta pandabirni í heiminum.

## Föroyafengur í vinnslu

„Til eru mjög nákvæmar skrár um færeyska hestinn en þær



Irdi Petersen, Þorvaldur Kristjánsson, ábyrgðarmaður í hrossarækt, Jóna Adelaide Ólavsdóttir, Jón Baldur Lorange, verkefnastjóri WorldFengs, og Hans Petersen. Indri og Jóna er tilvonandi skrásetjarar FæreyjaFengs. Mynd / smh.



Vegna smæðar hestsins voru þeir aðallega notaðir til burða en þess á milli gengu hrossin sjálfala.




Mynd / Árni Skibenæs

eru mikið með gamla laginu og á spjaldskrá. Sem stendur er unnið að gerð gagnabanka með þessum upplýsingum í samvinnu við Bændasamtök Íslands og byggt á WorldFeng og mun færeyski gagnagrunnurinn kallast FöroyaFengur.“

## Fundu fjóra einstaklinga

„Eitt af þeim vandamálum sem fylgir verndun færeyska hestsins er hversu fáir hestarnir eru. Vinna við verndun stofnsins hófst á seinni hluta sjötta áratugar síðustu aldar af áhugafólki um færeyska hestinn en þá voru einungis fjórir slíkir til í heiminum. Allir færeyskir hestar í dag eru því afkomendur þriggja mera og eins graðhests.“

Félagið Föroyorsk ross var stofnað 1978 og hefur síðan unnið að varðveislu færeyska hestsins og safnað upplýsingum um hann. Í heimasíðu félagsins segir að um 1800 hafi færeyskir hestar í Færeyjum verið um 800. Vegna smæðar hestsins voru þeir aðallega notaðir til burða en þess á milli gengu hrossin sjálfala. Frá 1850 til 1920 seldu Færeyingar talsvert af hrossum til Bretlands þar sem þau voru notuð sem dráttardýr í kolanámum. Um svipað leyti og Færeyingar hófu útflutning á hrossum hófu þeir innflutning á erlendum hrossum annars staðar frá og aðallega frá Íslandi og



Mynd / Árni Skibenæs



Mynd / Árni Skibenæs

**Færeyskir hestar þykja ekki síður barnvænir en frændur þeirra á Íslandi og fótafimir í erfiðu landslagi.**

Noregi. Áhugi Breta á færeyska hestinum dróst saman við aukna tæknivæðingu kolanámana og segja má að færeyski hesturinn hafi orðið atvinnulaus. Með minnkandi áhuga á færeyska hestinum dró úr eftirspurn og um tíma var litið á hann heima fyrir sem hálfgerða plágu sem ekkert gagn var af.

Petersen segir að fyrsti formaður félagsins Föroysk ross hafi haft góð tengsl við Landbúnaðarháskólann í Svíþjóð og að gerðar hafi verið skyldleikarannsóknir á þeim sem leiddu í ljós að síðustu fjórir hestarnir voru það fjarskyldir að óhætt var að nota þá til áframeldis. „Á níunda áratug síðustu aldar var erfðaefni færeysku hestanna skoðað og sýndi niðurstaða þeirrar rannsóknar fram á hið sama.“

#### **Mikilvægt að viðhalda færeyska hestinum**

Petersen segir að verndun færeyska landnámshestsins sé mjög mikilvæg fyrir Færeyinga. „Við höfum glatað upprunalega fénu sem var flutt til eyjanna og líka upprunalega hundinum, nautgripunum og landnámsþænnunni þannig að það skiptir miklu fyrir okkur að viðhalda færeyska hestinum.“

Að sögn Petersen vonast hann til að í framtíðinni verði hægt að flytja færeyska hestinn út til annarra landa og fjölga honum þannig því að bæði vegna smáðar eyjanna og hestsins geti Færeyingar ekki viðhaldið nema ákveðnum fjölda hrossa. Af þeim 93 færeysku hestum sem til eru í dag eru um 20 í eigu landsstjórnarinnar.



Mynd / Árni Skibenæs



**Hans Petersen, flugmaður og áhugamaður um færeyska hesta.**  
Mynd / smh.



Mynd / Árni Skibenæs

„Stjórnvöld í Færeyjum eru jákvæð í okkar garð og hafa veitt okkur fé til verkefnisins og fyrir

það erum við hjá Föroysk ross mjög þakklát, auk þess erum við sem að verkefninu stöndum mjög þakklát

fyrir þá aðstoð sem Bændasamtök Íslands hafa veitt okkur,“ segir Hans Petersen.